

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar vegna ÍB18 í Holtahverfi.

Skipulagsstofnun staðfesti 27. nóvember 2025 óverulega breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030, sem samþykkt var í bæjarstjórn 21. október 2025.

Í breytingunni felst að á vesturhluta íbúðarsvæðis ÍB18 verði heimilt að fjölga hjúkrunarrýmum úr 100 í 140 til 160. Á reitnum verða áfram 400 íbúðir í blandaðri byggð í einbýlis-, rað- eða fjölbýlishúsum. Ekki eru gerðar breytingar á skipulagsupprætti eða stærð reitsins, sem er 7,8 ha.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 27. nóvember 2025.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 11. desember 2025